

1867.
29. marz.

15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1867—68.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða það frumvarp, sem lagt hefir verið fyrir það, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1867 til 31. marzmán. 1868, og í síðasta lagi þangað til 31. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjalda-greindir, sem til eru færðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1867.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 29. marzmán. 1867.

3. apríl.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvenær eigi að senda bönarbréf um að fá kennslu í yfirsetukvennafræði á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn.

Með því að hin konunglega fæðingar- og uppfæðslustofnun í Kaupmannahöfn mun verða lokuð júlí- og ágústmánuð á hverju ári, og þessi ráðstofun mun hafa í för með sér, að breyting verður gjörd á kennslutíðinni í yfirsetukvennaskólanum og eins á því, hvenær konur þær, sem teknar eru til kennslu, eiga að koma í hann, þá á framvegis fyrst um sinn að senda bænarbréf um að komast í yfirsetukvennaskólann að eins einusinni á ári,

fyrir miðju júnímánaðar, í staðinn fyrir á þeim tímum, sem tilteknir eru í konungsráskurði 25. septembermán. 1848.

1867.
3. apríl.

Þetta er yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar.

17. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi sjálfur aptur tekið við ríkisstjórninni.¹ 17. apríl.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Nú er Vér erum komnir aptur úr ferð Vorri til Englands, kunngjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vér í dag höfum tekið aptur við ríkisstjórninni, sem sonur Vor ástfólginn, Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, samkvæmt lögum 14. marzmán. þ. á. hefir haft á hendi, meðan Vér vorum í burtu.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Belgíu og prússnesku Rínarlöndunum til Íslands. 24. apríl.

Í frambaldi af bréfum dómsmálastjórnarinnar 27. febrúar-
mán. og 13. júlímán. f. á. skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður virðist best við eiga, að dómsmálastjórnin hefir fundið sér skylt enn fremur að leggja bann fyrir, að fluttar séu frá Belgíu og prússnesku Rínarlöndunum til Íslands skepnur þær og annað, sem um er getið í bréfi stjórnarráðsins 12. október-
mán. 1865.

¹⁾ Undir lagabod þau, sem birtust meðan konungur var í burtu, var ritað:

Í fjærveru hans hátignar konungsins
og í nafni hans hátignar
Frederik,
konungsefni.